



ÁRSSKÝRSLA OG  
ÁRSREIKNINGUR 2017



# EFNISYFIRLIT

|    |  |    |
|----|--|----|
| 1. | Starfsemin .....                                     | 3  |
| 2. | Yrkja .....  | 3  |
| 3. | Kynningarstarf .....                                 | 4  |
| 4. | Stefnumótun .....                                    | 6  |
| 5. | Vefsíður .....                                       | 6  |
| 6. | Nótnasafn .....                                      | 7  |
| 7. | Kynningarstarf .....                                 | 11 |
| 8. | Stuðningur við tónskáld, flytjendur og hátíðir ..... | 12 |
| 9. | Ársreikningur 2017 .....                             | 15 |

# FYRRI HLUTI ÁRS

SKRIFAÐ AF VALGERÐI HALLDÓRSDÓTTUR Í APRÍL 2018

## 1. STARFSEMIN

Fyrri hluta ársins 2017 einkenndist starfsemi Tónverkamiðstöðvar af venjubundnum verkefnum. Þá er helst átt við skráningu og sölu tónverka, vefverslunina, shop.mic.is að viðbætti Yrkju, starfsþróunarverkefni Tónverkamiðstöðvar fyrir ný tónskáld. Þessi hluti árs bar þess einnig merki að senn færi að líða að því að framkvæmdastjóranskipti færu í hönd. Verkefnin voru næg en eðli málsins samkvæmt var hikað við að stofna til margra verkefna sem myndu skuldbinda miðstöðina eftir tíma starfandi framkvæmdastjóra.

Vefversluninni var haldið á lofti alls staðar þar sem kynningarstarf fór fram, bæði beint og óbeint en þar er að finna öll verk sem miðstöðin hefur á skrá, rúmlega 10.000 íslensk tónverk.

### 1.1. STARFSMANNAHALD OG STJÓRN

Valgerður G. Halldórsdóttir var framkvæmdastjóri fyrri hluta árs, en 1. júní kom Signý Leifsdóttir aftur til starfa úr barnsburðarleyfi. Við afgreiðslu, skráningu og önnur skrifstofu- og nótnastörf starfa Aðalheiður Þorsteinsdóttir og Oliver Kentish, bæði í 33% starfshlutfalli.

Stjórn Tónverkamiðstöðvar árið 2017 skipuðu Hildigunnur Rúnarsdóttir, sem er formaður, Gunnar Andreas Kristinsson, Egill Gunnarsson og Bergljót Haraldsdóttir.

## 2. YRKJA

YRKJA er starfsþróunarverkefni Tónverkamiðstöðvar fyrir ný tónskáld sem hleypt var af stokkunum árið 2015. Verkefnið parar saman valin tónskáld úr ólíkum áttum við úrval íslenskra listastofnana. Hvert Yrkjuverkefni hefst með því að kallað er eftir umsóknum í tilkynningum á vefmiðlum og fréttabréfi Tónverkamiðstöðvar. Valnefndir fara yfir umsóknir og velja Yrkjutónskáld viðkomandi verkefnis. Að vali loknu tekur við tónsmíðavinna undir handleiðslu mentors eða handleiðara viðkomandi verkefnis ásamt því sem tónskáldin fá innsýn í innviði viðkomandi listastofnunar. Tónskáldin fá greiddan tónsmíðastyrk í verkefninu og handleiðari hvers verkefnis fær greidd laun. Hverju Yrkjuverkefni lýkur með frumflutningi tónverksins sem varð til á verkefnistímanum. Yrkja hefur vakið athygli og lukku en umfang verkefnisins ræðst aðallega af fjármagni sem aflast til verkefnisins. Verkefnastjórn YRKJU er bæði á höndum framkvæmdastjóra Tónverkamiðstöðvar og tengiliðs hjá samstarfsaðila.

### 2.1. YRKJA II

**Yrkju II með Mengi** lauk 25. janúar 2017 með frumflutningi á verki Tómasar Manoury, *YRKJUM*. Verkið er um hálf tíma langt og skrifað fyrir elektróník og píanó. Flutti Tómas verkið sjálfur ásamt Eddu Erlendsdóttur, píanóleikara.

Mentor verkefnisins var Skúli Sverrisson, listrænn stjórnandi Mengis og voru tónleikarnir hugsaðir sem upptaktur að Myrkum músíkdögum.

**Yrkju II með Sinfóníuhljómsveit Íslands** lauk þann 27. janúar 2017 með hádegistónleikum í Norðurljósum, Hörpu. Þar frumflutti Sinfóníuhljómsveitin verk þriggja tónskálda sem unnið höfðu með

hljómsveitinni undanfarna mánuði. Eftirtalin verk voru frumflutt á tónleikunum: *Strik* eftir Finn Karlsson, *Perpendicular Slightly Tilted* eftir Þráin Hjálmarsson og *Hrekkur* eftir Þórunni Grétu Sigurðardóttur. Mentor verkefnisins var Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri og staðarlistamaður SÍ.



## 2.2. YRKJA III

Í lok apríl var auglýst eftir umsóknum um þátttöku í **Yrkju III með Sinfóníuhljómsveit Íslands**. Sex umsóknir bárust og voru allar lagðar fyrir valnefnd. Nefndin mat tvo umsækjendur hæfasta, þau Gísla Magnússon og Veronicque Vöku Jaques og var þeim boðin þátttaka í verkefninu. Verkefnið hófst svo formlega 30. maí með heimsókn tónskáldanna til SÍ.

Sótt var um styrk til Tónskáldasjóðs RÚV, en Tónverkamiðstöð var synjað um styrk að þessu sinni og bent á að sækja um fyrir vorúthlutun 2017. Umsókn var send inn fyrir úthlutun í maí 2017. Ekki var sótt um í menningarúthlutun Reykjavíkurborgar en hins vegar var lagður grunnur að því að Yrkja væri gjaldgeng fyrir lengri menningarsamninga við Reykjavíkurborg en til eins árs í senn, m.a. með vísun í stefnumótun borgarinnar um Reykjavík sem tónlistarborg.

## 3. KYNNINGARSTARF

### UPPBÝGGING TENGLANETA

### 3.1. MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Tónverkamiðstöð var styrktaraðili Myrkra músíkdaga 2017. Aðkoma miðstöðvarinnar að hátíðinni fólst í að útbúa nótur að nýjum íslenskum tónverkum fyrir flytjendur. Sem hluti af samstarfi Myrkra músíkdaga og Tónverkamiðstöðvar var birt heilsíðuauglýsing í efnisskrá hátíðarinnar þar sem lögð var áhersla á nafn miðstöðvarinnar og vefverslunina.

### 3.2. LA/REYKJAVÍK FESTIVAL

Tónlistarhátíðin LA/Reykjavík var haldin af LA Philharmonic í byrjun apríl. Tónverkamiðstöð útbjó og afgangi nótur að fjölmörgum tónverkum vegna hátíðarinnar en alveg í lok árs 2016 kviknaði hugmynd um aðkomu Tónverkamiðstöðvar að tónlistarhátíðinni með einhvers konar kynningu á íslenskri

samtímatónlist. Hátíðin var hluti af tónleikaári LA Phil. og hefði samtál um aðkomu Tónverkamiðstöðvar að ósekju mátt fara fram fyrir en hátíðin hafði verið í undirbúningi um dágóðan tíma. Til að mynda hafði ÚTÓN áður verið að skipuleggja (að beiðni LA PHIL) svonefnt „opnunarpartí“ með tónlistarmönnum öðrum en samtímatónlistarmönnum.

Valgerður, þáverandi framkvæmdastjóri sem einnig er hönnuður, vann hugmynd að kynningarbás sem er í eðli sínu afar einfaldur í framkvæmd en kostnaður í LA, sem samanstóð af hárrí tækjaleigu samstarfsaðila LA Phil. og vinnu þarlendra aðila, gerði hugmyndina óframkvæmanlega. Kom þar berlega í ljós hve Tónverkamiðstöð er þröngur stakkur sniðinn til kynningarmála og ekkert svigrúm til að stofna til slíkra verkefna með skömmum fyrirvara. Meira samstarf ÚTÓNs við Tónverkamiðstöð í þessu verkefni hefði einnig verið æskilegt.

Hátíðin heppnaðist gríðarlega vel. Fjallað var um hana að lengd í fjölmörgum miðlum og vakti hátíðin mikla athygli á íslensku tónlistarlífi – ekki síst þeim tónskáldum og tónverkum sem flutt voru á hátíðinni.



### 3.3. RÁÐGJÖF OG AÐSTOÐ VIÐ KYNNINGARVERKEFNI

Tónverkamiðstöð reynir eftir fremsta megni að bjóða tónskáldum og flytjendum til samtals við miðstöðina. Þá veitir framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar tónskáldum, flytjendum og fræðimönnum reglulega viðtöl um ýmis mál er tengjast verkefnum þeirra s.s. útgáfu, umboðsmönnum, útflutningi, tónleikahaldi, starfsþróun, rannsóknnum og fleiru. Einnig veitti miðstöðin ráðgjöf og aðstoð eftir þörfum við ýmis kynningarverkefni tónskálda.

# SEINNI HLUTI ÁRS

SKRIFAÐ AF SIGNÝJU LEIFSDÓTTUR Í APRÍL 2018

Signý Leifsdóttir kom aftur til starfa í júní. Sumarmánuðirnir fóru í stefnumótun og haustið í uppsetningu nýrra verkefna og samdrátt annara verkefni í samræmi við þá stefnumótun sem fór fram um sumarið.

## 4. STEFNUMÓTUN

Síðast var unnið að stefnumótun miðstöðvarinnar í apríl og fram til september 2013. Þá hafði starfsemi ekki verið endurskoðuð í nokkuð langan tíma og ákveðið var að styrkja grunnstoðir miðstöðvarinnar með því að leggja áherslu á nótnasafnið og söluna, endurskoða safnstefnu, breyta útliti og vörumerki miðstöðvarinnar, bæta samskipti við tónskáldin og efla ímynd Tónverkamiðstöðvar út á við.

Stefnumótunin var unnin að mestu af Signýju framkvæmdastjóra. Unnið var stórt hugarkort til að kortleggja núverandi starfsemi og þær hugmyndir sem komið hafa fram um starfsemina í gegnum tíðina. Þá var sú kortlagning lögð fyrir starfsmenn og stjórn Tónverkamiðstöðvar, framkvæmdastjóra ÚTÓN og formann Tónskáldafélags Íslands. Við það bættust fleiri hugmyndir við kortið. Að lokum unnu stjórn og framkvæmdastjóri úr heildarmyndinni og skoðuðu hvort draga ætti úr einhverjum verkefnum og hvar ætti að bæta við verkefnum og forgangsráða þannig framtíðarverkefnum miðstöðvarinnar.


Verkefni miðstöðvarinnar voru greind niður í eftirfarandi verkefni; rekstur, nótnasafn, kynningarstarf og stuðning við tónskáld og flytjendur. Farið var nánar í stöðu hvers þáttar og stefnu í starfsáætlunum Tónverkamiðstöðvar, bæði fyrir árið 2017 og 2018. Starfsáætlanirnar má finna á heimasíðu miðstöðvarinnar mic.is.

## 5. VEFSÍÐUR

### 5.1. HEIMASÍÐA MIC.IS

Að lokinni stefnumótun var ákveðið að uppfæra þyrfti útlit og uppbyggingu heimasíðu miðstöðvarinnar. Helsta breytingin var að leggja þyrfti niður tonverkamistod.is og sameina síðurnar undir mic.is til að einfalda notendaviðmót. Sett var upp þýðingartól á síðuna mic.is sem leyfir notandanum að þýða valið efni og hafa ólíkar síður og viðmót undir hverju tungumáli. Íslenski hluti síðunnar þjónar sem upplýsingaveita um þjónustu miðstöðvarinnar fyrir tónskáld, upplýsingar um tækifæri fyrir tónskáld, styrki og annað. Eins er hún tenging fyrir íslenska kaupendur að nótum inn á vefbúð miðstöðvarinnar shop.mic.is. Enska síðan er aðallega tenging fyrir kaupendur að nótum, en einnig upplýsingaveita um samtímatónlist á Íslandi.

Heimsóknir á vefsíðu Tónverkamiðstöðvar hefur fækkað á milli ára. Munar þá mest um hversu oft mest heimsótt síða miðstöðvarinnar er lesin. Það er síða með upplýsingum um hvernig megi nálgast nótur að verkinu Heyr, himna smíður eftir Þorkel Sigurbjörnsson, en verkið varð mjög vinsælt árið 2014 og hefur síðan þá verið mest selda staka tónverk miðstöðvarinnar á hverju ári. Sala verksins dalar með hverju árinu.



## 5.2. GAGNAGRUNNUR – VEFVERSLUN

Kerfið sem Tónverkamiðstöð notar á shop.mic.is er keypt af norsku nótnaútgáfunni Cantando. Fyrir það er greitt árgjald og er innifalið í því uppfærsla á kerfinu eftir þörfum. Cantando réðst í algjöra breytingu á uppsetningu sölusíðunnar árið 2017 og er útlit síðunnar mun aðgengilegra í dag en áður. Töluverð vinna var að aðlaga gögn miðstöðvarinnar að nýja útlitinu síðastliðið sumar, en að öðru leiti var vinna við uppfærsluna ekki á höndum miðstöðvarinnar.

Að meðaltali heimsækja 747 aðilar síðuna shop.mic.is í hverjum mánuði og fletta síðunni 5.109 sinnum. Það eru 61.000 flettingar og 8.900 heimsóknir á ári, sem eru margfalt fleiri flettingar en heimasíðan mic.is fær.

---

8.900 manns heimsækja shop.mic.is á ári og fletta 61.000 síðum.

---

## 6. NÓTNASAFN

### 6.1. SKRÁNINGAR

Þegar þessi skýrsla er skrifuð, í apríl 2018, eru 10.390 verk í safni miðstöðvarinnar, en þau voru 10.195 fyrir ári síðan og hefur því fjölgað um 195. Af skráðum verkum eru 9.195 þeirra til sölu.

Af þeim 195 verkum sem bættust við safn miðstöðvarinnar frá síðasta aðalfundi eru 170 ný tónverk sem tónskáld hafa lagt inn sjálf í gegn um skráningarform á heimasíðu miðstöðvarinnar.

Önnur verk koma úr söfnum sem gefin eru miðstöðinni. Ljóst er að verulega þarf að bæta í fjárstuðning til miðstöðvarinnar á næstu árum til að geta tekið við frekari gjöfum frá öldruðum og látnum tónskáldum,




Þar sem mörg af afkastamestu tónskáldum Íslands eru komin á efri ár. Miðstöðin fékk allt nótnasafn Léttsveitar RÚV gefið á árinu og nýlega fékk miðstöðin stóra gjöf frá Atla Heimi Sveinssyni, og er allt hans einkasafn af eigin verkum nú komið til Tónverkamiðstöðvar. Það er mikil vinna að fara yfir þessar gjafir og það þarf sérhæft fólk sem er með sértæka tónlistarfræðilega menntun til að ganga frá verkunum. Hér væri nauðsynlegt að geta bætt í starfskrafti, en til þess vantar aukið rekstrarfé. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá um þriðjung gjafarinnar frá Atla Heimi.




## 6.2. NÓTNASALA

Heildartekjur af sölu árið 2017 voru 5,64 milljónir. Tekjurnar fara hægt stigvaxandi með hverju árinu, þó svo að nokkur sveifla geti verið milli ára, en hér fyrir neðan má sjá tekjur af sölu og leigu tónverka síðustu ára.



## Sala í gegn um afgreiðslu, síma eða tölvupóst

Á næstu mynd má sjá mánaðarlega og uppsafnaða heildarsölu sem fór fram í gegn um afgreiðslu, síma eða tölvupóst. Hér eru ekki taldar tekjur sem koma af sölu í vefbúð Tónverkamiðstöðvar.



Nokkuð mikil sveifla er milli mánaða, en það skýrist af því að tekjur af leigu stærri hljómsveitarverka geta verið mjög miklar og eru þá oft afgreidd fleiri en eitt verk í einu. Stærsti viðskiptavinur Tónverkamiðstöðvarinnar í leigu hljómsveitarverka er Sinfóníuhljómsveit Íslands.

## Sala í vefbúð

Vefbúð Tónverkamiðstöðvar, shop.mic.is, var opnuð haust 2015 og var salan bæði árin 2016 og 2017 um og yfir 700.000 krónum.

Tekjur af nótnasölu og leigu voru 38% af heildartekjum Tónverkamiðstöðvar árið 2017 og hefur það lítið breyst síðustu ár, en árið 2015 var hún 30% af heildartekjum og 2016 var hún 39%. Reynt er að miða verð á nótum við að salan standi undir sér, svo hægt sé að nýta rekstrarstyrk miðstöðvarinnar frá Menntamálaráðuneytinu í nótnasafnið og kynningarmál.

## Mest selda tónverkið

Tónverkið sem skilaði mestum tekjum árið 2017 var Aeriality eftir Önnu Þorvaldsdóttur, en það var leigt út fyrir sex flutninga frá janúar og fram í september. Anna Þorvaldsdóttir gerði útgáfusamning um öll sín verk við útgáfufyrirtækið Chester og höfum við því ekki afgreitt nema brot af hennar verkum síðan í september 2017.

---

Tónverkið Aeriality eftir Önnu Þorvaldsdóttir skilaði mestum tekjum. Verkið var leigt 6 sinnum.

---

Tónverkið sem seldist í flestum eintökum er Heyr, himna smiður, en það hefur verið söluhæsta tónverk miðstöðvarinnar í mörg ár. Verkið seldist í 910 eintökum á árinu.

---

Mest selda tónverkið var Heyr, himna smiður, eftir Þorkel Sigurbjörnson, sem seldist í 910 eintökum.

---

### Tekjuhæsta tónskáldið

Tekjuhæsta tónskáld Tónverkamiðstöðvar árið 2017 var Anna Þorvaldsdóttir, þrátt fyrir áðurnefndan útgáfusamning. Hér fyrir neðan má sjá lista af tekjuhæstu tónskáldunum, þeim sem seldu tónverk fyrir 100.000 eða meira á árinu, í röð eftir tekjum.

1. Anna Þorvaldsdóttir
2. Jón Leifs
3. Haukur Tómasson
4. Þorkell Sigurbjörnsson
5. Hreiðar Ingi
6. Hugi Guðmundsson
7. Páll Ragnar Pálsson
8. Bára Grímsdóttir
9. Tryggvi M. Baldvinsson
10. Hildigunnur Rúnarsdóttir
11. Þuríður Jónsdóttir
12. Jón Ásgeirsson
13. Oliver Kentish

## 6.3. LANDSBÓKASAFN

Samtalið við Landsbókasafnið hafði legið í dvala í nokkurn tíma og var fundur haldinn um sumarið þar sem rætt var um mikilvægi þess að fá hillur fyrir öll tónverkin, upptöku ISMN númera og skylduskil á tónverkum. Í framhaldi af fundinum komst loksins hreyfing á mál safnsins og í september voru loksins komnar hillur fyrir tónverk Tónverkamiðstöðvar í kjallara Landsbókasafns. Þá hófst mikil vinna hjá Tónverkamiðstöð að fara í gegn um þá kassa sem voru í Landsbókasafninu og minnka umfang safnsins, en safnstefnan sem sett var á sínum tíma er ekki í samræmi við núverandi safnstefnu og stefnu Landsbókasafnsins. Þetta hefur verið töluverð vinna og er ekki lokið þegar þessi skýrsla er skrifuð í apríl 2018. Búast má við að vinnunni ljúki á árinu.

Ákveðið var að Tónverkamiðstöð myndi sjá um að setja ISMN númer á öll tónverk í safni miðstöðvarinnar og sótt var um styrk til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til þess að setja númerin á, skrá númerin í gagnagrunni og prenta í leiðinni út eintök til að skila í skylduskilum. Styrkur fékkst til að hefja verkefnið, en áætlað er að styrkurinn dugi fyrir u.þ.b. fjórðungi af verkefninu. Hafist verður handa við verkefnið á haustdögum 2018.

Hér fyrir neðan má sjá myndir af aðstöðu Tónverkamiðstöðvar í Landsbókasafninu.



## 6.4. JÓN LEIFS

Jón Leifs er með sérstakan samning í Tónverkamiðstöð umfram önnur tónskáld. Hann er eina tónskáldið sem er með útgáfusamning við miðstöðina. Útgáfusamningurinn nær til allra verka eftir Jón Leifs.

Í samningnum er ákvæði um að eftir dauða Þorbjargar Leifs renni 33% af höfundagreiðslum STEFs til Tónverkamiðstöðvar. Eftir andlát Þorbjargar hafa allar greiðslur frá STEFi farið inn á sérreikning hjá Tónverkamiðstöð og hefur sá sjóður verið nýttur til að viðhalda verkum Jóns, verkefnin fram að þessu hafa öll snúið að tölvusetningum og var klárað að tölvusetja Eddu II árið 2017 fyrir frumflutning í mars 2018.

Útgáfusamningurinn rennur út 31. desember 2018. Viðræður hófust um nýjan samning við lögfræðing Leifs Leifs, erfingja höfundarréttar Jóns, um sumar 2017. Erfiðlega gengur að eiga í samskiptum við lögfræðinginn og engin niðurstaða því komin í mál Jóns þegar skýrslan er skrifuð. Vonast er til þess að hægt verði að ganga frá áframhaldandi samningi fyrir áramót.

## 7. KYNNINGARSTARF

### 7.1. CLASSICAL:NEXT

Classical:NEXT er söluráðstefna í sígildri og samtímatónlist, með fókus á evrópskan markað. Söluráðstefnan þykir einn besti vettvangur fyrir kynningu og tengslamyndun á sviði sígildrar- og samtímatónlistar. Þeir sem sækja ráðstefnuna eru fagaðilar, tónskáld, blaðamenn, hljómveitarstjórar, listrænir stjórnendur hátíða og aðrir sem starfa á þessu sviði.

ÚTÓN, Tónverkamiðstöð og Íslandsstofa hafa sameinast um að undirbúa að fara á Classical:NEXT 2018. Þegar þessi skýrsla er skrifuð í apríl 2018 er búið að velja þátttakendur til kynningar. Kynnt verða tónskáldin Haukur Þór Harðarson og Bergrún Snæbjörnsdóttir. Ingólfur Vilhjálmsson og Halla Steinunn Stefánsdóttir fá styrk frá miðstöðinni til að mæta á sýninguna og kynna sig sjálf og verkefnin sín (Ensemble Adapter og Nordic Affect).

### 7.2. TENGLANET

Við vinnum markvisst að því að byggja upp okkar tengslanet og deila því með tónlistarfólki sem vinnur í því að koma sér á framfæri. Þetta er gert með virku starfi innan IAMIC, alþjóðlegra samtaka

tónverkamiðstöðva og með því að sækja eins marga viðburði og hátíðir sem tengjast samtímatónlist hérlendis og erlendis eins og hægt er. Signý, framkvæmdastjóri, situr nú í stjórn IAMIC.

Tónverkamiðstöð borgar árgjald í eitt netverk, IAMIC, á ári. Framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar fór á Norræna músíkdaga í London í október og sat fundi með skrifstofustarfsmönnum Norræna tónskáldaráðsins fyrir hönd Tónskáldafélagsins. Einnig fór framkvæmdastjóri á ISCM, World New Music Days í Vancouver í nóvember og sat aðalfund félagsins fyrir hönd Tónskáldafélagsins.

## 8. STUÐNINGUR VIÐ TÓNSKÁLD, FLYTJENDUR OG HÁTÍÐIR

### 8.1. STARFSFERILSVIÐTÖL OG RÁÐGJÖF

Tónverkamiðstöð reynir eftir fremsta megni að bjóða tónskáldum, flytjendum og skipuleggjendum tónlistarhátíða til samtals við miðstöðina. Þá veitir framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar tónskáldum og flytjendum reglulega viðtöl um ýmis mál er tengjast starfsframa þeirra s.s. útgáfu, umboðsmenn, útflutning, tónleikahald, starfsþróun og fleira. Framkvæmdastjóri veitti 2-4 slík viðtöl í hverjum mánuði árið 2017.

### 8.2. MÁLÞING

#### NÓTNAÚTGEFENDUR OG UMBOÐSMENN

STEF, Tónskáldafélag Íslands og Tónverkamiðstöð héldu málþing saman í október 2017 um nótnaútgefendur. Helstu spurningar málþingsins voru:

- Hvað gera nótnaútgefendur?
- Hvað gera nótnaútgefendur samanborið við umboðsmenn, þarf að hafa umboðsmann ef maður hefur útgefanda?
- Hver er munurinn á þjónustu Tónverkamiðstöðvar og nótnaútgefanda?
- Hvernig samninga eru nótnaútgefendur að bjóða?
- Hvenær á ferlinum borgar sig að hafa nótnaútgefanda?
- Hvernig fær maður nótnaútgefanda ef maður hefur áhuga á því?

Anna Þorvaldsdóttir og Susanna Eastburn, framkvæmdastjóri Sound and Music, héldu framsögu og tóku svo þátt í panel ásamt Áskatli Mássyni, Atla Ingólfssyni og Signýju Leifsdóttur. Þórunn Gréta Sigurðardóttir stýrði panelnum.

Málþingið var haldið í Hannesarholti og var mjög vel sótt.



### 8.3. FRÆÐSLUKVÖLD

#### ÚTGÁFA OG KYNNING HLJÓÐRITA SAMTÍMATÓNLISTAR

ÚTÓN og Tónverkamiðstöð héldu fræðslukvöld um útgáfu og kynningu á hljóðritum í samtímatónlistargeiranum í byrjun nóvember 2017. Framsögu hélt Collin J Rae, framkvæmdastjóri Sono Luminus útgáfunnar.

Sono Luminus hefur á undanförnum misserum starfað töluvert með íslenskum tónskáldum og flytjendum. Þau hafa gefið út plötur með Nordic Affect og Sinfóníuhljómsveit Íslands með verkum eftir m.a. Önnu Þorvaldsdóttur, Daníel Bjarnason, Þuríði Jónsdóttur, Valgeir Sigurðsson og Hlyn Aðils Vilmarsson.

Collin Rae hefur starfað hjá Sono Luminus sem framkvæmdastjóri síðan 2014 og hefur mikinn áhuga á því að starfa með Íslendingum. Töluvert af tónskáldum og tónlistarmönnum sem hafa áhuga á því að gefa út hljóðrit og markaðssetja sig frekar í Bandaríkjunum mættu á kynningu Collins sem haldin var í húsnæði Tónverkamiðstöðvar.



### 8.4. GEISLADISKAR

Á 8., 9. og 10. áratug síðustu aldar voru gefnir út þónokkuð margir geisladiskar á vegum Tónverkamiðstöðvar undir útgáfunafninu ITM. Þessir titlar eru nú margir ófánlegir og stendur það ekki undir kostnaði að láta endurútgefa þessar plötur og diska. Hins vegar er nú vinsælt að streyma tónlist á Spotify, Deezer, iTunes og öðrum streymivefjum og eru nú allir útgefnir diskar miðstöðvarinnar aðgengilegir á þessum síðum. Gerður var samningur við Alda Music um þessa yfirfærslu sem fór öll fram á árinu 2017.

---

Allir geisladiskar sem gefnir voru út hjá ITM eru nú á streymiveitum eins og Spotify og iTunes.

---

Hér fyrir neðan má sjá dæmi um hvernig diskur með lögum Jórunnar Viðar birtist á Spotify.



## 8.5. FAGRÁÐ LISTA OG SKAPANDI GREINA

Hlutverk fagráðs lista og skapandi greina er að vera faglegt bakland og vettvangur samtals innan lista og skapandi greina um alþjóðlega markaðssetningu og skapa með því sterk tengsl milli Íslandsstofu, miðstöðva skapandi greina og stjórnvalda. Framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar situr í fagráðinu sem fundar fjórum sinnum á ári.

# ÁRSREIKNINGUR 2017

## ÁRITUN

Til stjórnar Íslenskrar tónverkamiðstöðvar: Við höfum aðstoðað við gerð meðfylgjandi ársreiknings fyrir Íslenska tónverkamiðstöð fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli yfirferðarinnar. Ársreikningurinn hefur ekki verið endurskoðaður.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð ársreikninga með það að markmiði að aðstoða stjórnendur Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017.

Reykjavík 14. maí 2018

### **Fimm freknur slf**

**Inga Dóra Jóhannsdóttir**

## ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Við undirritaðir, félagskjörnir endurskoðendur Íslenskrar tónverkamiðstöðvar, höfum farið yfir ársreikning fyrir árið 2017 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 14. maí 2018

---

Þórunn Gréta Sigurðardóttir

---

Haukur Tómasson



## Áritun stjórnar

Stjórn Íslenskrar tónverkamiðstöðvar staðfestir hér með ársreikning og ársskýrslu miðstöðvarinnar fyrir árið 2017.

Reykjavík 14. maí 2018

---

Hildigunnur Rúnarsdóttir, formaður

---

Gunnar Andres Kristinsson

---

Bergljót Anna Haraldsdóttir

---

Egill Gunnarsson

# Rekstrarreikningur árið 2017

|  | Skýr. | 2017              | 2016              |
|--|-------|-------------------|-------------------|
| <b>Rekstrartekjur:</b>                               |       |                   |                   |
| Rekstrarstyrkir .....                                | 2,3   | 15.000.000        | 15.000.000        |
| Erlend sala .....                                    |       | 2.057.126         | 2.372.697         |
| Raddleiga .....                                      |       | 2.044.326         | 1.352.214         |
| Innlend sala .....                                   |       | 1.538.102         | 766.040           |
| Aðrir styrkir .....                                  | 3     | 940.000           | 700.000           |
| Höfundagreiðslur innl .....                          |       | 299.407           | 393.981           |
| Höfundagreiðslur, erl .....                          |       | 172.467           | 0                 |
|  |       | <u>22.051.428</u> | <u>20.584.932</u> |
| <b>Rekstrargjöld:</b>                                |       |                   |                   |
| Laun og annar starfsmannakostnaður .....             | 4     | 13.218.601        | 12.351.756        |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....             | 6     | 1.809.586         | 1.373.826         |
| Húsaleiga .....                                      |       | 1.307.760         | 1.307.760         |
| Höfundalaun vegna sölu og leigu tónverka .....       |       | 1.260.694         | 0                 |
| Styrkir .....  | 6     | 750.000           | 1.580.000         |
| Tölvusetning tónverka .....                          |       | 593.172           | 40.420            |
| Fjármögnunarleiga skrifstofubúnaðar .....            |       | 569.390           | 508.340           |
| Endurskoðun og reikningshald .....                   |       | 508.244           | 530.239           |
| Ferðakostnaður .....                                 |       | 357.407           | 479.932           |
| Forritun - gagnagrunnur vefverslun .....             |       | 334.754           | 371.079           |
| Tryggingar .....                                     |       | 284.468           | 262.476           |
| Aðkeypt þjónusta .....                               | 6     | 268.060           | 24.600            |
| Rekstrarvörur og smááhöld .....                      |       | 110.200           | 8.480             |
| Rekstur tölvukerfis og heimasíðu .....               |       | 99.214            | 83.910            |
| Paypal þóknun .....                                  |       | 94.489            | 105.901           |
| Kaffikostnaður .....                                 |       | 88.462            | 110.849           |
| Auglýsingar og kynningarstarf .....                  | 6     | 127.900           | 153.842           |
| Félagsgjöld .....                                    |       | 78.156            | 89.516            |
| Innréttingar og húsbúnaður .....                     |       | 68.145            | 131.608           |
| Funda- og viðskiptakostnaður .....                   |       | 59.204            | 97.630            |
| Annar húsnæðiskostnaður .....                        |       | 56.498            | 4.733             |
| Tónleikar og viðburðir, aðgangseyrir .....           |       | 29.601            | 111.520           |
| Ráðstefnugjöld .....                                 |       | 26.632            | 21.906            |
| Flutningskostnaður .....                             |       | 19.542            | 13.577            |
| Aðkeyptur akstur leigubifreiða .....                 |       | 16.960            | 86.310            |
| Gjafir .....   |       | 15.936            | 14.128            |
| Bílastæðasjóður .....                                |       | 7.520             | 20.065            |
|  |       | <u>22.160.595</u> | <u>19.884.403</u> |
| <b>Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b> | (     | 109.167)          | 700.529           |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>           |       |                   |                   |
| Fjármunatekjur .....                                 |       | 17.762            | 65.453            |
| Fjármagnsgjöld .....                                 | (     | 112.830)          | ( 104.962)        |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals</b>    | (     | <u>95.068)</u>    | <u>( 39.509)</u>  |
| <b>Rekstrarafkoma ársins</b>                         |       | <u>( 204.235)</u> | <u>661.020</u>    |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| Eignir                                 | Skýr.                              | 31.12.2017       | 31.12.2016       |
|--|------------------------------------|------------------|------------------|
| <b>Veltufjármunir:</b>                 |                                    |                  |                  |
| Birgðir .....                          |                                    | 1.378.100        | 1.378.100        |
| Skammtímakröfur:                       |                                    |                  |                  |
| Viðskiptakröfur .....                  |                                    | 518.966          | 447.904          |
| Aðrar skammtímakröfur .....            | 6                                  | 325.739          | 422.952          |
| Handbært fé                            |                                    | 2.086.360        | 1.993.613        |
|  | Veltufjármunir samtals             | <u>4.309.165</u> | <u>4.242.569</u> |
|  | <b>Eignir samtals</b>              | <u>4.309.165</u> | <u>4.242.569</u> |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>             |                                    |                  |                  |
| <b>Eigið fé:</b>                       |                                    |                  |                  |
| Afkoma ársins .....                    | (                                  | 204.235)         | 661.020          |
| Frá fyrra ári .....                    |                                    | 3.254.933        | 2.897.618        |
|  | Eigið fé samtals                   | <u>3.050.698</u> | <u>3.558.638</u> |
| <b>Skammtímaskuldir:</b>               |                                    |                  |                  |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld ..... |                                    | 1.163.855        | 505.090          |
| Ógreidd höfundalaun .....              |                                    | 55.156           | 28.841           |
| Visakort .....                         |                                    | 39.456           | 0                |
| Ógreiddur styrkur .....                |                                    | 0                | 150.000          |
|  | Skammtímaskuldir samtals           | <u>1.258.467</u> | <u>683.931</u>   |
|  | Skuldir samtals                    | <u>1.258.467</u> | <u>683.931</u>   |
|  | <b>Eigið fé og skuldir samtals</b> | <u>4.309.165</u> | <u>4.242.569</u> |

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2017

|  | Skýr. | 2017             | 2016             |
|--|-------|------------------|------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                          |       |                  |                  |
| Rekstrarafkoma ársins .....                        | (     | 204.235)         | 661.020          |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:   |       |                  |                  |
| Hagnaður af sölu eignarhluta í öðrum félögum ..... |       | 0                | 0                |
| Veltufé (til) frá rekstri                          | (     | 204.235)         | 661.020          |
| Breytingar rekstartengda eigna og skulda:          |       |                  |                  |
| Birgðabreyting lækkun, (hækkun) .....              |       | 0                | 0                |
| Skammtímakröfur, lækkun, (hækkun) .....            |       | 26.151           | ( 24.003)        |
| Skammtímaskuldir, hækkun, (lækkun) .....           |       | 270.831          | ( 536.200)       |
| Breytingar rekstartengdra eigna og skulda          |       | 296.982          | ( 560.203)       |
| Handbært fé til rekstrar                           |       | 92.747           | 100.817          |
| <br><b>Breyting á handbæru fé .....</b>            |       | <br>92.747       | <br>100.817      |
| <b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>               |       | <u>1.993.613</u> | <u>1.892.796</u> |
| <b>Handbært fé í lok ársins .....</b>              |       | <u>2.086.360</u> | <u>1.993.613</u> |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Tekjur Íslenskrar tónverkamiðstöðvar hafa verið færðar nettó að teknu tilliti til ýmissa afsláttá til félagsmanna og fleiri aðila og er sömu aðferð beitt í ár. Í flestum tilfellum er um að ræða sent kynningarefni, svo sem geisladiska og nótur.

## 2. Rekstrarstyrkir

|                            | <u>2017</u> | <u>2016</u> |
|----------------------------|-------------|-------------|
| Menntamálaráðuneytið ..... | 15.000.000  | 15.000.000  |

## 3. Aðrir styrkir

|                       | <u>2017</u>    | <u>2016</u>    |
|-----------------------|----------------|----------------|
| Íslandsstofa .....    | 640.000        | 0              |
| RÚV .....             | 300.000        | 0              |
| Reykjavíkurborg ..... | 0              | 700.000        |
|                       | <u>940.000</u> | <u>700.000</u> |

## 4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

|                                   | <u>2017</u>       | <u>2016</u>       |
|-----------------------------------|-------------------|-------------------|
| Vinnulaun .....                   | 10.579.909        | 9.683.901         |
| Lífeyrissjóður, móttframlag ..... | 1.187.162         | 994.074           |
| Tryggingagjald .....              | 817.006           | 770.557           |
| Stjórnarlausn .....               | 316.000           | 316.000           |
| Bifreiðastyrkir .....             | 160.000           | 200.000           |
| Félagsgjöld .....                 | 141.624           | 128.128           |
| Annar starfsmannakostnaður .....  | 16.900            | 63.320            |
| Dagpeningar .....                 | 0                 | 195.776           |
|                                   | <u>13.218.601</u> | <u>12.351.756</u> |

## 5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

|                             | <u>2017</u>      | <u>2016</u>      |
|-----------------------------|------------------|------------------|
| Eigið fé 1.1.2017 .....     | 2.693.383        | 2.897.618        |
| Rekstrarafkoma ársins ..... | ( 204.235)       | 661.020          |
| Staða 31.12.2017 .....      | <u>2.489.148</u> | <u>2.693.383</u> |

## 6. Hjálagt eru sundurliðanir með rekstrarreikningi.

# Sundurliðanir

|   | 2017             | 2016             |
|---|------------------|------------------|
| <b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b> |                  |                  |
| Pappír, prentun og ritföng .....          | 454.249          | 68.878           |
| Burðargjöld .....                         | 444.649          | 435.379          |
| Sími og internet .....                    | 302.246          | 288.992          |
| Bókhaldskerfi .....                       | 279.660          | 270.374          |
| Posaleiga .....                           | 214.272          | 214.272          |
| Skrifstofuáhöld og búnaður .....          | 94.056           | 69.735           |
| Ýmis kostnaður, skrifstofa .....          | 20.454           | 26.196           |
|   | <u>1.809.586</u> | <u>1.373.826</u> |
| <b>Kynningarstarf</b>                     |                  |                  |
| Ráðstefnukostnaður .....                  | 84.400           | 0                |
| Kynningarkostnaður .....                  | 44.806           | 74.742           |
| Auglýsingar .....                         | 43.500           | 79.100           |
|   | <u>127.900</u>   | <u>153.842</u>   |
| <b>Aðrar skammtímakröfur</b>              |                  |                  |
| Paypal .....                              | 319.797          | 154.371          |
| Afdreginn fjármagnstekjuskattur .....     | 15.881           | 12.370           |
| Inneign, kreditkort Vala .....            | 0                | 230.651          |
| Valitor .....                             | ( 9.939)         | 25.560           |
|   | <u>325.739</u>   | <u>422.952</u>   |
| <b>Styrkir v/Yrkja</b>                    |                  |                  |
| Finnur Karlsson .....                     | 150.000          | 150.000          |
| Tómas Manoury .....                       | 150.000          | 150.000          |
| Veronique Jacques .....                   | 150.000          | 0                |
| Þórunn Gréta Sigurðardóttir .....         | 150.000          | 0                |
| Gísli Magnússon .....                     | 150.000          | 0                |
| Þráinn Hjálmarsson .....                  | 0                | 300.000          |
| Berglind María Tómasdóttir .....          | 0                | 200.000          |
| Georg Kári Hilmarsson .....               | 0                | 200.000          |
| Halldór Smáráson .....                    | 0                | 150.000          |
| Gunnar Karel Másson .....                 | 0                | 150.000          |
| Tónlist á gráu svæði .....                | 0                | 140.000          |
| Kammerhópurinn Nordic Affect .....        | 0                | 140.000          |
|   | <u>750.000</u>   | <u>1.580.000</u> |
| <b>Aðkeypt þjónusta</b>                   |                  |                  |
| Skúli Sverrisson .....                    | 150.000          | 0                |
| Hávarður Tryggvason .....                 | 30.000           | 0                |
| Ingibjörg Eyþórsdóttir .....              | 30.000           | 0                |
| Hallfríður Ólafsdóttir .....              | 30.000           | 0                |
| UNM .....                                 | 20.000           | 0                |
| Linda Desirée Loeskow .....               | 8.060            | 0                |
| Aduria ehf. ....                          | 0                | 24.600           |
|   | <u>268.060</u>   | <u>24.600</u>    |